



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SÆUNN OG SHOSTAKOVITSJ

26. SEPTEMBER
2019



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Forleikur: 9'

Sellókonsert: 24'

Sinfónía: 50'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Sæunn Þorsteinsdóttir áritar nýjan geisladisk sinn í hléi á 2. hæð fyrir framan Eldborg.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.facebook.com/sinfio)



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNeyTID



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Aðalstyrktaraðili

GAMMA

FIM **26** SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

SÆUNN OG SHOSTAKOVÍTSJ

**Sinfóníuhljómsveit
Íslands**

Karina Canellakis
hljómsveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir
einleikari

EFNISSKRÁ


Ludwig van Beethoven
Egmont op. 84, forleikur (1809–10)
Sostenuto, ma non troppo – Allegro

Joseph Haydn
Sellókonsert nr. 2 í D-dúr, op. 101 (1783)
Allegro moderato
Adagio
Allegro

Hlé

Dmítríj Shostakovítsj
Sinfónía nr. 5 í d-moll, op. 47 (1937)
Moderato – Allegro non troppo
Allegretto
Largo
Allegro non troppo

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



@kcanellakis

KARINA CANELLAKIS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Karina Canellakis hóf feril sinn sem fiðluleikari en vegur hennar sem hljómveitarstjóra hefur vaxið jafnt og þétt frá því hún hlaut hin virtu Georg Solti-verðlaun árið 2016. Hún er um þessar mundir að taka við starfi aðalstjórnanda Hollensku útvarpshljómveitarinnar og er einnig aðalgestastjórnandi Útvarpshljómveitarinnar í Berlín.

Canellakis er fædd og uppalin í New York. Hún lauk fiðlunámi frá Curtis-tónlistarháskólanum í Fíladelfíu og síðar námi í hljómveitarstjórn frá Juilliard-tónlistarháskólanum. Sem fiðluleikari spilaði Canellakis með ýmsum bandarískum hljómveitum og kom reglulega fram á sumartónlistarhátíðinni í Marlboro í Vermont, auk þess sem hún var um tíma gestakonsertmeistari Fílharmóníusveitarinnar í Björgvin. Hún starfaði um tveggja ára skeið í Hljómveitarakademíu Berlínar-fílharmóníunnar þar sem ungt framúrskarandi tónlistarfólk fær þjálfun í hljómveitarspili. Þar lék hún iðulega undir stjórn Simons Rattle sem skynjaði hæfileika hennar og hvatti hana til að snúa sér að hljómveitarstjórn.

Fyrstu opinberu tónleikarnir sem Karina Canellakis stjórnaði voru með Kammersveit Evrópu í Graz í Austurríki árið 2015. Á þeim fáu árum sem síðan eru liðin hefur stjarna hennar risið hratt og hún komið fram með mörgum nafntogudum hljómveitum, svo sem Fílharmóníusveit Los Angeles, Sinfóníuhljómveitinni í Montréal, Sinfóníuhljómveit breska útvarpsins BBC, Fílharmóníusveit Lundúna, Parísarhljómveitinni, Fílharmóníusveit Óslóar og Útvarpshljómveitinni í Stokkhólmi. Nú í haust mun hún meðal annars stjórna tónleikum Konunglegu fílharmóníusveitarinnar í Stokkhólmi og Sinfóníuhljómveitarinnar í San Fransisco. Canellakis hefur einnig getið sér gott orð fyrir óperuflutning og í nóvemberlok mun hún stýra flutningi á Sálumessu Giuseppe Verdi í óperunni í Zürich.

Karina Canellakis hefur einu sinni áður stjórnað Sinfóníuhljómveit Íslands. Það var á tónleikum með klarínnett-leikaranum Andreas Ottensamer haustið 2017. Hún vakti þá svo mikla hrifningu áheyrenda og hljómveitar að henni var umsvifalaust boðið aftur til landsins.



@saeunncello

SÆUNN ÞORSTEINSDÓTTIR

EINLEIKARI

Sæunn Þorsteinsdóttir er einn fremsti sellóleikari Íslands og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir innblásinn leik sinn. Hún byrjaði að læra á selló hjá Hauki Hannessyni við Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins en fluttist sjö ára gömul með fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna þar sem hún hefur búið að mestu síðan. Hún lauk mastersnámi frá Juilliard tónlistarháskólanum í New York og síðan doktorsprófi frá SUNY Stony Brook.

Sæunn hefur unnið til verðlauna í alþjóðlegum tónlistarkeppnum og komið fram á fjölda tónleika og tónlistarhátíða víða um heim. Hún hefur leikið einleik með sinfóníuhljóm-sveitunum í Toronto og Seattle, Filharmóníusveit Los Angeles, Elbphilharmonie-hljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins BBC, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljóðritun Sæunnar á einleikssvítum Britzens fyrir selló á vegum Centaur Records hlaut frábæra dóma og í mars á þessu ári sendi hún frá sér diskinn *Vernacular* þar sem hún leikur einleiksverk eftir fjögur íslensk tónskáld, Hafliða Hallgrímsson, Halldór Smáráson, Pál Ragnar Pálsson og Púriði Jónsdóttur. Hún var í ár tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs fyrir Íslands hönd.

Sæunn kennir við Washington-háskóla í Seattle og er sellóleikari kammerhópsins Frequency þar í borg. Hún er líka ein af stofnendum og listrænum stjórnendum kammerhópsins Decoda í New York, sem hefur að markmiði að glæða flutning kammer-tónlistar nýju lífi með skapandi fræðslu og samfélagsþátttöku. Decoda ferðast víða um Bandaríkin og utan þeirra, þau hafa m.a. haldið tónleika í Suður-Afríku og Suður-Kóreu og verið staðarlistamenn í Konunglega tónlistarháskólanum í Glasgow og í Guildhall tónlistarháskólanum í Lundúnum. Á síðasta starfsári komu þau í fyrsta sinn fram í Carnegie Hall í New York.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sæunn Þorsteinsdóttir hélt útgáfutónleika í tilefni af plötunni *Vernacular* í Ásmundarsal þann 20. febrúar síðastliðinn og kvöldið eftir lék hún verk Daníels Bjarnasonar, *Bow to string*, með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á Myrkum músíkdögum 2018 flutti hún sellókonsert Páls Ragnars Pálssonar, *Quake*, ásamt hljómsveitinni og í maí það ár léku þær Alexandra Joan verk fyrir selló og píanó í tónleikaröðinni Sígildir sunnudagar í Norðurljósum Hörpu.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

FORLEIKUR AÐ EGMONT, OP. 84

Ludwig van Beethoven (1770–1827), dáði skáldið Johann Wolfgang von Goethe og tók því fagnandi þegar hirðleikhúsið í Vínarborg fór þess á leit við hann árið 1809 að hann semdi tónlist við uppfærslu á harmleik Goethes *Egmont*. Leikurinn gerist í Niðurlöndum á árunum 1566–68 og hverfist um hetjuleg örlög Egmonts greifa sem leiðir landa sína í uppreisn gegn yfirráðum Spánverja en geldur fyrir það með lífi sínu. Efnid höfðaði til Beethovens, bæði sökum þess að hann átti ættir að rekja til Niðurlanda en ekki síður vegna pólitísku ástands í samtímanum. Frakkar tóku Vínarborg herskildi vorið 1809 og Beethoven, sem fyrr hafði hrifist af byltingaranda Napóleons, hlaut nú að sjá keisarann í öðru ljósi og í hans augum varð Egmont frelsishetja.

Forleikurinn er sá hluti þessarar leikhústónlistar sem langmestrar hylli hefur notið og stundum tengst pólitískum átökum og frelsisbaráttu. Þannig varð hann að nokkurs konar einkennistónlist uppreisnarinnar í Ungverjalandi árið 1956, þegar hann var leikinn æ ofan í æ í ungverska útvarpinu milli stopulla fréttu af framvindu átakanna. Verkið er eins konar knappt tónaljód sem endurspeglar kjarnann í verki Goethes: kúgun Spánverja, djörfung Egmonts og uppreisnaranda hans manna. Skömmu fyrir lokin kemur skyndileg þögn sem táknar dauða hetjunnar áður en forleiknum lýkur á innblásinni sigurtónlist.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Egmont-forleikurinn var meðal þeirra tónsmíða sem hvað oftast heyrðust í árdaga tónleikahalds í Reykjavík. Hann var t.d. leikinn (líklega af strengjakvartett) á tvennum tónleikum á Hótel Skjaldbreið í janúarmánuði 1924, aftur af Lúðrasveit Reykjavíkur á Austurvelli 8. júní sama ár og um haustið hljómaði hann í tríóútgáfu á Café Rosenberg. Bæjarbúar heyrðu forleikinn í fyrsta sinn í allri sinni símfónísku dýrð þegar Símfóníuhljómsveit Hamborgar flutti hann á tónleikum í lðnó 1. júní 1926, undir stjórn Jóns Leifs. Eftir flutninginn, sagði í Vísi, gerðu áheyrendur að „fagnaðargný svo mikinn að gamla lðnó lék sem á þræði“.



JOSEPH HAYDN

SELLÓKONSERT NR. 2 Í D-DÚR, OP. 101

Sellókonsertinn í D-dúr er sannkölluð sólskinstónlist og jafnframt gott dæmi um tök Josephs Haydn (1732–1809) á þeim klassíska stíl sem kenndur er við Vínarborg. Borgin var heimkynni Haydn á uppvaxtarárum hans; hann fæddist í þorpi nálægt landamærum Austurríkis að Ungverjalandi en var aðeins átta ára þegar hann komst að sem kórdrengur við dómkirkju heilags Stefáns í Vín. Þar söng hann í níu ár en að þeim loknum tók við barningur við að hasla sér völlu sem tónlistarmaður. Þótt Haydn væri auðvitað gagnkunnugur kirkjutónlist eftir árin sem kórdrengur, hafði hann ekki hlotið skipulega menntun í tónfræði eða tónsmíðum. Úr þessu bætti hann upp á eigin spýtur, meðal annars með því að kynna sér verk Carls Philipps Emanuels Bach ofan í kjölinn. Í um áratug vann Haydn fyrir sér í lausamennsku sem tónlistarkennari, hljóðfæraleikari og — smám saman — sem tónskáld. Hróður hans fór vaxandi og aðallinn, helsti vinnuveitandi tónlistarmanna þeirra tíma, sóttist eftir kröftum hans. Þar kom, árið 1761, að honum var boðin föst staða við hirð Eszterházy greifa þar sem hann átti eftir að starfa í hartnær þrjú áratugi.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sellókonsert Haydn var á efnisskrá fyrstu tónleikanna sem Erling Blöndal Bengtsson, þá 14 ára, hélt á Íslandi – í Gamla bíói 7. maí 1946. Með honum lék Victor Urbancic á píanó. Erling lék svo konsertinn í Austurbæjarbíói tólf árum síðar en þá með hljómsveit undir stjórn Páls Ísólfssonar og árið 1980 hljómaði konsertinn í meðföllum Erlings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói. Aðrir sellóleikarar sem hafa flutt verkið með Sí eru Einar Vigfússon (1965), Gunnar Kvaran (1969), Gísela Depkat (1971), Þórhildur Halla Jónsdóttir (1992), Thorleif Thedéen (2002) og Daniel Müller-Schott (2008), en það heyrir nú í fyrsta sinn í Eldborg.

Tveir sellókonsertar eru með vissu eignaðir Haydn, báðir samdir fyrir leiðandi sellóleikara við Eszterházy-hirðina. Þann síðari, sem við heyrum í kvöld, skrifaði Haydn fyrir Anontín Kraft sem upprunninn var í Bæheimi, nálægt Pilsen í núverandi Tékklandi. Kraft var ekki bara afburða hljóðfæraleikari heldur einnig liðtækt tónskáld og á 19. öld komst sá ruglingur á kreik að konsertinn væri saminn af honum, en ekki fyrir hann. Það var ekki fyrir en árið 1951, þegar eiginhandarrit Haydn að konsertinum fannst í geymslum Austurrísku þjóðarbókhöðunnar í Vínarborg, að tekin voru af öll tvímæli um höfundinn.

Konsertinn einkennist af syngjandi laglínunum (manni verður hugsað til kórdrengsins Haydn) en það þarf meira en meðal sellista til að koma hinum fagaða léttleika einleikshlutverksins til skila. Hljómsveitin er fremur léttskipuð að klassískum hætti: strengir, tvö óbó og tvö horn — og leikur ýmist undir eða með sellóinu (takið til að mynda eftir samleik einleikshljóðfærins og 1. fiðlu í fyrsta þætti) nema í kadensunum þar sem hefðin bauð að einleikarinn léki lausum hala. Á tónleikunum í kvöld heyrir glæný kadensa fyrsta þáttar sem Anna Þorvaldsdóttir, staðartónskáld SÍ, hefur samið fyrir Sæunni Þorsteinsdóttur en Anna hóf einmitt sjálf tónlistarferil sinn sem sellóleikari.



DMÍTRÍJ SHOSTAKOVÍTSJ

SINFÓNÍA NR. 5, OP. 47

Dmítrij Shostakovítsj (1906–1975) stóð á þrítugu þegar hann samdi fimmtu sínfóníu sína. Hann hafði þá þroskast frá því að vera undrabarn á píanó yfir í að skipa sess sem eitt fremsta tónskáld Sovétríkjanna. Á unglingsárum stundaði hann tónsmíðanám við Tónlistarháskólann í Pétursborg og vakti athygli fyrir fágætt tónminni og frumlegar tónsmíðar. Hann reyndi sig þegar í upphafi ferils síns við verk í stóru formi; útskriftarverk hans frá háskólanum var sínfónía, sú fyrsta af fimmtán, sem var frumflutt 1926 og hlaut góðar viðtökur bæði heima og heiman.

Þriðji áratugur tuttugustu aldar var tími mikillar deiglu, ekki einungis í þjóðfélagsmálum þar sem skipulag og hugmyndafræði Sovétríkjanna var að mótast, heldur einnig í heimi lista. Kvikmyndir ruddu sér til rúms og gróska var í alls kyns sviðslistum. Þessi listform buðu ekki einvörðungu upp á atvinnutækifæri fyrir tónlistarmenn — Shostakovítsj sá sér farborða um tíma með því að leika undir þöglum kvikmyndum — þau voru líka, þegar best lét, spennandi vettvangur nýsköpunar.

Shostakovítsj var mikill áhugamaður um leikhús og veikir fyrir satíru og gróteskum húmor. Áhugi hans spannaði allt frá sirkussýningum og kabarettum yfir í ballett, dramatísk leikrit og óperur, og á árunum eftir að hann lauk námi fékk hann ýmis tækifæri til þess að vinna í leikhúsi. Hann vann t.d. með leikhópi verksmiðjufólks í Leníngrad og samdi tónlist við umdeilt leikrit Vladímírs Majakovskíj, *Veggjalúsína*, sem sett var upp í hinu framsækna Mejerholdleikhúsi í Moskvu 1929, auk þess að semja ballettana *Gullöldina* og *Skrífuna* sem sýndir voru í Leníngrad 1930 og 1931. En tónsköpun og liststarfsemi var ekki án vandkvæða í hinum ungu Sovétríkjum. Á sama tíma og gerðar voru ríkar kröfur um að listina þyrfti að endurnýja svo hún hjakkaði ekki í gömlu fari borgaralegra viðmiða, ríkti tortryggni gagnvart hvers kyns framúr stefnu og sömuleiðis var eftirlitsnefndum ríkisins í menningarmálum gjarnt að líta á það sem úrkynjun ef „léttmeti“ eins og sígaunalög, dansmúsík eða djass var borð á borð fyrir alþýðuna.

Það var því jafnvægislist að tryggja nýjum verkum brautargengi eins og Shostakovítsj fékk að reyna þegar hann tók að hasla sér völl sem óperutónskáld — en það var listform sem höfðaði mjög til hans. Fyrsta ópera hans sem komst á fjalirnar var *Nefið*, eftir smásögu Níkolajs Gogol, en hún var grimmilega gagnrýnd fyrir að vera óaðgengileg og hugmyndafræðilega varhugaverð. Mun

betur gekk — fyrst um sinn — með þá næstu, *Lafði Makbeð frá Mtsensk*. Hún er byggð á sögu eftir Níkolaj Léskov og fjallar um unga og ófullnægða kaupmannsfrú, Katerínu Ízmajlovu, sem leiðist út á braut morða með ástmanni sínum. Shostakovítsj hóf að semja óperuna haustið 1930 og hún var frumsýnd, svo að segja samtímis í Leníngrad og Moskvu, í janúar 1934. Andstætt því sem gerðist með *Nefið*, var þessari nýju óperu vel tekið; hún gekk misserum saman í leikhúsunum, var send út í útvarpi og hróður hennar barst einnig út fyrir landsteinana. Í árslok 1935 tók sjálf Bolshoj-leikhúsið í Moskvu óperuna til sýninga en mánuði síðar varð sá atburður sem öllu breytti fyrir hið unga tónskáld: Jósef Stalín ákvað að kynna sér verkið og kom á sýningu. Það boðaði ekki gott þegar leiðtoginn yfirgaf stúku sína áður en sýningin var úti og tveimur dögum síðar féll Stóridómur í *Prövdu*, málgagni Kommúnistaflokks Sovétríkjanna: *Glundroði en ekki músík*, en sú var yfirskrift leiðara þar sem óperan var rökkuð niður. Tónskáldið var sakað um að daðra við úrkynjaðan smekk „formalista“ í stað þess að semja heilnæma tónlist sem hæfði hinum vinnandi stéttum, og það varað við því að þessi leikur að eldinum kynni að enda illa. Hótunin var augljós — á næstu árum náðu hreinsanir Stalíns hámarki.

Shostakovítsj var um þessar mundir að vinna að fjórðu sínfóníu sinni. Hann lauk henni og frumflutningur hennar var fyrirhugaður í Leníngrad í desember 1936. En áður en til hans kom dró tónskáldið sínfóníuna til baka, að líkindum nauðugt, og hún var ekki frumflutt fyrir en 1961. Um tveggja ára skeið heyrðist engin ný tónsmíð frá Shostakovítsj en 21. nóvember 1937 var komið að frumflutningi fimmtu sínfóníunnar og með henni leysti tónskáldið höfuð sitt. Verkinu var firna vel tekið — svo vel að velunnarar Shostakovítsj óttuðust jafnvel að hann yrði látinn gjalda þess. Það varð þó ekki; sínfónían var samþykkt af valdhöfum sem mikilvægt framlag til sovétrar sósíalrealískrar listar og ferli Shostakovítsj var borgið — um sinn.

Fimmta sínfónían varð til við þrúgandi kringumstæður en því fer fjarri að tónskáldið hafi við samningu hennar einfaldlega „málað eftir númerum“ til þess að friða valdhafana. Þótt í verkinu sé farið varlegar í tilraunir með hina sínfónísku arfleifð og form, en til að mynda er raunin í fjórðu sínfóníunni, vinnur hið þrítuga tónskáld á eftirminnlegan hátt úr reynslu sinni og músíkölskum áhrifavöldum. Sínfónían býr í senn yfir trega, taugaspennu og gáska en þegar við hlustum er einnig gott að hafa í huga hve handgenginn Shostakovítsj var háðsádeilu leikhússins og gróteskum aðferðum þess.

Svanhildur Óskarsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fimmta sínfónía Shostakovítsj hljómaði síðast hérlendis í flutningi Ungsveitar Sí þann 23. september í fyrra en í kvöld tekst Sínfóníuhljómsveit Íslands á við verkið í tólfra sinn. Það var fyrst flutt í Háskólabíói 1970 undir stjórn Bohdans Wodiczko og tveimur árum síðar stýrði André Previn verkinu í Laugardalshöll. Sí hefur leikið sínfóníuna tvívegis í Eldborg; Vladimír Ashkenazy stjórnaði henni haustið 2011 og Yan Pascal Tortelier vorið 2017.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

26. SEPTEMBER 2019

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Jensdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laura Liu
Bryndís Pálsdóttir
Pascal La Rosa
Justyna Bidler
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Benedikte Damgaard
Greta Guðnadóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Pétur Björnsson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Gregory Aronovich
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Łucja Koczoł
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir

BASSI

Xun Yang
Páll Hannesson
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Berglind Stefánsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Finn Schofield
Margreet Houtman

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Johannes Herjó
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*

Á DÖFINNI

LAV **05** OKT **14:00**



TÍMAFLAKK Í TÓNHEIMUM

Á fyrstu tónleikum Litla tónsprotans er tónleikagestum boðið í tímaflakk um tónheima þar sem Sinfóníuhljómsveitin staldrar við merk kennileiti á tímaási tónlistarsögunnar. Leiðsögumenn í þessum magnaða leiðangri um undraveröld tónlistarinnar eru Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Guðmundur Felixson. Þau leiða hlustendur á öllum aldri á lifandi hátt um lendur og dali, klífa hæstu tinda og kanna dulúðugar sögusagnir um vatnaskrímsli og goðsagnir á þurru landi. Bandaríski hljóm-sveitarstjórinn Michelle Merrill mundar tónsprotann en hún er þekkt fyrir störf sín með ungum hlustendum og hefur stýrt fjölmörgum menntaverkefnum og tónleikum Detroit-sinfóníuhljómsveitarinnar auk annarra hljómsveita í Norður-Ameríku.

FIM **10** OKT **19:30**



BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ

Á þessum tónleikum hljóma tvö stórbrotin meistaraverk tónlistarinnar frá síðari hluta 19. aldar. Píanókonsert nr. 2 eftir Brahms er eitt hans stærsta og kröfuharðasta verk. Sjötta símfónían var síðasta verk Tsjajkovskíjs, sem andaðist níu dögum eftir frumflutninginn. Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hann hefur hljóðritað yfir 50 geisladiska og hlotið átta Gramophone-verðlaun. Hin suður-kóreska Han-Na Chang hóf feril sinn sem sellóleikari, var nemandi Rostropovitsj og lék einleik með mörgum helstu hljómsveitum heims. Hún hefur á síðustu árum snúið sér að hljómsveitarstjórn með frábærum árangri.

FOS **18** OKT **12:00**



HÁDEGISTÓNLEIKAR – BAROKK Í NORÐUR-LJÓSUM

Barokktónlist hefur hátíðlegan blæ og þótt hún sé ekki meðal hinna daglegu verkefna stórra símfóníu- hljómsveita er ávallt gleðiefni þegar hún fær sitt rými á efnisskránni. Á þessum hádegistónleikum leikur strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands þætti úr konsertum eftir Corelli, Vivaldi og Händel undir stjórn enska fiðluleikarans Matthews Truscott, sem hefur getið sér gott orð sem konsertmeistari upprunasveitarinnar Orchestra of the Age of Enlightenment.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á þessa hádegistónleika í Norðurljósum.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

REGNBOGAKORT

SETTU SAMAN ÞÍNA EIGIN SNILLD

Þín eigin tónleikaröð með
20% afslætti

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með í það minnsta fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

**Nú er hægt að kaupa áskrift og
Regnbogakort á sinfonia.is.**

Námsmenn, 25 ára og yngri,
fá 50% afslátt á verðsvæðum 2 og 3
í miðasölu Hörpu.



@icelandsymphony / #sinfó

SALA ÁSKRIFTARKORTA
Í MIÐASÖLU HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50